

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 131/2006**

**frá 27. október 2006**

**um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 123/2006 frá 22. september 2006 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 336/2006 frá 15. febrúar 2006 um að hrinda í framkvæmd ákvæðum alþjóðlega kóðans um öryggisstjórnun skipa innan Bandalagsins og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 3051/95 <sup>(2)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

XIII. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við í 14. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB)  
„56u. **32006 R 0336**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 336/2006 frá 15. febrúar 2006 um að hrinda í framkvæmd ákvæðum alþjóðlega kóðans um öryggisstjórnun skipa innan Bandalagsins og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 3051/95 (Stjtíð. ESB L 64, 4.3.2006, bls. 1).  
  
Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:  
  
Ákvæði e-liðar 2. mgr. 3. gr. hljóði svo að því er varðar Noreg:  
  
„önnur farþegaskip en:  
  
i) ekjufarþegaskip og  
  
ii) farþegaskip sem flytja fleiri en 100 farþega og sigla undir norskum fána á hafsvæðum í flokki C og D samkvæmt skilgreiningu í 4. gr. tilskipunar 98/18/EB.““
2. Texti liðar 56c (reglugerð ráðsins (EB) nr. 3051/95) falli brott.

*2. gr.*

---

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 333, 30.11.2006, bls. 52, og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 60, 30.11.2006, bls. 39.

<sup>(2)</sup> Stjtíð. ESB L 64, 4.3.2006, bls. 1.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 336/2006, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 28. október 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. október 2006.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Oda Helen Sletnes***

formaður.

---

(\*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.